

Stjórnarfundar UMSK

Haldinn á Teams föstudaginn 3. apríl 2020 kl.16:00

Mættir: Valdimar Leo, Magnús, Guðmundur, Lárus, Halla, Pétur, Valdimar G.
Geirarður boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundur settur – Formaður setti fundinn
2. Stjórn skiptir með sér verkum – Valdimar Leo formaður, Magnús varaformaður, Guðmundur gjaldkeri og Halla ritari.
3. Covid og félögin / Framlag til íþróttafélaga frá ríkinu – Farið var yfir stöðuna hjá félögunum en framkvæmdastjóri hefur fundað með framkvæmdastjórum stóru hverfafélaganna. Flest eru búin eða á leiðinni að nýta sér hlutastarfa leiðina. Mismunandi mikið milli félaga hvort foreldrar hafi farið fram á endurgreiðslu æfingagjalda. Sameiginlegt bréf UMFÍ og ÍSÍ á leiðinni með tilmælum til félaga um hvernig taka skuli á þessu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að styrkja menningu og listir og íþróttir um 1 milljarð króna. ÍSÍ hefur skipað nefnd til að finna leið hvernig hlut íþróttaveisla verður skipt. Ákveðið að senda bréf á nefndina þar sem hún er hvött til að horfa til barna- og unglíngastarfs félaganna. Einig ákveðið að senda bréf á mennta- og menningamálaráðherra með hvatningu um mikilvægi íþróttaveisla og að skipting milljarðsins taki mið af því.
4. Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi – umræða um hvort fresta eigi íþróttaveislunni vegna óvissu um þróun Covid 19. Fundur á mánudag þar sem farið verður yfir stöðuna. Beðið með ákvörðun fram að 20. apríl þegar niðurstöður frá mótanefnd UMFÍ hefur borist.

5. Annað

Annað ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl 17:00